

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarstaðarkoti í Flóahreppi




Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Atli Rúnarsson

Nv nr. 07-23

Mars 2023

---

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning: Mars 2023</b>
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokuð til:</b> <input type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b>
<b>Skýrsla nr:</b> 07-23	<b>Verknúmer:</b>	
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í í Flóahreppi		<b>Blaðsíður:</b>  <b>Upplag:</b>
<b>Höfundur:</b> Atli Rúnarsson		<b>Fjöldi korta:</b>  <b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét H. Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b>
<b>Útdráttur</b> Fornleifaskráning vegna deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í landi Arnarstaðakots í Flóahrepp, áður Hraungerðishrepp.		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, deiliskipulag, Skálmholt, Flóahreppur		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological Survey, Skálmholt, Flóahreppur
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

---

## Efnisyfirlit


1. INNGANGUR .....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐI .....	1
3. AÐFERÐARFRÆÐI .....	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR .....	1
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA .....	3
4. SAGA Arnarstaðakots .....	3
5. HEIMILDASKRÁ .....	15
6. FORNLEIFASKRÁ.....	5

---

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Gunnars Karls Ársælsssonar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í landi Arnarstaðakots í Flóahreppi.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 28. febrúar 2023 Vettvangsvinnu unnu Atli Rúnarsson og Margrét Hallmundsdóttir. skýrslu- og kortagerð var í höndum Margrétar Hallmundóttir.



Mynd 1. Skráningarsvæðið merkt inn á kort með gulri stjörnu

## 2. SKRÁNINGARSVÆÐI

Arnarstaðkot er 4. km austað við Selfoss í gamla Hraungerðishrepp nú Flóahrepp Fyrir liggur Aðalskráning fornleifa í Flóahrepp á svæðinu sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2010<sup>1</sup>. Þegar deiliskipulag er gert, þarf nákvæmari skráningu og þarf að mæla minjar upp með staðsetningartækjum. Svæðið er 25 he að stærð með 23 íbúðarhúsalóðum.

## 3. AÐFERÐARFRÆÐI

Aðferðarfræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jörðina, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur, fornbréfasöfn og annað sem getur gefið upplýsingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki, myndir teknar og dróna flogið yfir svæðið.

### 3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði

<sup>1</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir & Orri Vésteinsson, 2010

skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### **3.2 SKRÁNING FORNLEIFA**

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2905 og þar á eftir eru hlaupandanúmeri rannsóknarinnar, dæmi: 2905-001.

## **4. SAGA ARNARSTAÐAKOTS**


Í Jarðabók Árna og Páls segir að Arnarstaðarkot sé byggt fyrir manna minni við heimatúnið.<sup>2</sup> Eigandi jarðarinnar er Skálholt, sagt er að kostir og ókostir fylgi heimajörðinni Arnarstöðum. Þar eru lýsingar afleitar, torfrista engin að telja og er ábúandi upp á góðvilja nágretta sinna með torf. Mósukurður er nánast eyddur árið 1708. Mjög erfitt er að vinna túnið vegna

---

<sup>2</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín. 1981, bls 9

uppgangs grjóts. Landþröng er mikil og kaupir ábúandi haga af Hróarsholti fyrir 5. álna toll árlega<sup>3</sup>. Á túnakorti frá 1918 eru tún 1.27 ha og um 70% slétt. Aðeins eru teiknað á kortin

íbúðarhús og matjurtargarðar<sup>4</sup>. Á túnakorti dönsku landmælingamanna eru teiknuð tvö útihús austan megin við bæjarhús og kálgarð sem stendur framan við bæinn<sup>5</sup>. Í Jonsen er Arnarstaðarkot talið með Arnarstöðum í dýrleika en ábúandi er einn og kúgildi eru tvö<sup>6</sup>



Mynd 2. Bæjarteikning danskra landmælingamanna frá 1906. Landmælingar Íslands.

<sup>3</sup> Jarðabók Árnar Magnússonar og Páls Víðalín. 1981, bls 9

<sup>4</sup> Túnakort 1918. Arnarstaðarkot. Þjóðskjalasafn Íslands

<sup>5</sup> Bæjarteikning danskra landmælinga

<sup>6</sup> J. Jonsen Jarðabók 1847, bls 56

## 1. FORNLEIFASKRÁ

**Númer:** 2905.001

**Eldra númer** ÁR-053-007

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Túngarður

**Hnit ISN93:** 407347,383025

**Lengd:** 474 m

**Breidd:**0.5

**Ástand:** Slæmt

**Hættumat:** Mikilhætta

**Hættuorsök:** Ábúð/hestar

**Staðhættir:** Umhverfis Arnarstaði og Arnarstaðarkot er túngarður. Garðurinn er teiknaður upp á túnakort bæði frá 1918 og frá 1906.<sup>7</sup> Í Aðalskráningu fornleifa í Flóahrepps segir „Túngarðurinn er um 130 x 150 m langur og 0,3 m breiður. Hann er

sigin og grjóthlaðinn. Hann er mosavaxinn og eitt umfar af grjóti sést í honum. Túngarðurinn hlykkjast austur-vestur og beygir síðan til suðurs. Þar hverfur hann og kemur líklega upp aftur í landi Arnarstaða við veg. Túngarðurinn er um 0,3 m á hæð“<sup>8</sup>

**Minjalýsing:** Garðurinn er um 0.5 m á breidd og mældist við deiliskráningu 474 m á lengd. Hann er nokkuð sokkin þar sem hann liggur í boga austur af nýbyggðu íbúðarhúsi en á túni framan við húsið sést hann mun betur enda er það tún nýtt sem beitarhólf fyrir hross.

Garðurinn Um það bil 130 m af garðinum er inn á deiliskipulagsreit.



Mynd 3. Túngarðurinn þar sem hann liggur inn á deiliskipulagsreit. Tekið í norður. Ljósmynd. Margrét Hallmundsdóttir.

<sup>7</sup> Túnakort 1918. Bæjarteikning landmælingamanna 1906

<sup>8</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson Ágústa Edwald 2010,bls 81





*Mynd 4. Garðurinn sést vel á þessari drónamynd, eldri túngarður úr torfi [2905-002.] sést t líka aðeins frá þeim yngri til vinstri á myndinni. Myndin er tekin í SSV. Ljósmynd. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir*

**Númer:** 2905-002

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Túngarður

**Hnit ISN93:** 407362,383033

**Lengd:** 74 m

**Breidd:** 3 m

**Ástand:** Mjög slæmt

**Hættuorsök:** Framkvæmdir/ hestar

**Staðhættir:** Um 18 m austur af garðlagi [001] er mjög sokkin túngarður sem greinilega eru leifar af eldir túngarði en sá grjóthlaðni [001].

**Minjalýsing:** Garðurinn hefur verið úr torfi og er mjög útflattur og er breidd hans um 3 m en hæð rétt um 20 cm. Slóði sem er framan við nýbyggt



Mynd 5. Eldri túngarðurinn, mjög útflattur. Tekið í Norður. Ljósmynd Margrét Hallmundsdóttir.



Mynd 6. Garðurinn sést vel vinstra megin á myndinni og standa hross á honum. Suður er upp á myndinni. Ljósmynd Margrét Hallmundsdóttir

Íbúðarhús og liggur í austur hefur tekið garðinn í sundur. Garðurinn er 48 m að lengd norðan slóðans en hverfur svo í þúfur. Þessir 48 m eru inna deiliskipulagsreit

**Númer: 2905-003**

**Eldra númer: Ár-0530-008**

**Hlutverk: Náma**

**Tegund: Mógrafir**

**Hnit ISN93: 407632,383231**

**Lengd: 30 m**

**Breidd: 46 m**

**Ástand: Sæmilegt**

**Staðhættir:** Í Aðalskráningu fornleifa í Flóahrepp segir „Svæðið er um 25 x 26 m og



Mynd 7. Mógrafir númer [2905-008] áveitugarður [2905—008] sést á myndinni.

snýr norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru um 0,3 m djúpar og renna saman. Stakar mógrafir sjást líka og eru þær um 2 x 1 m að stærð. Að öllum líkindum hafa verið um 15-20 mógrafir á svæðinu. Þrjár náttúrulegir hólar eru fyrir austan mógrafirnar og liggja þær meðfram þeim. Stór mógröf, um 17 x 17 m er 160 m fyrir suðaustan við það svæði sem þegar er lýst. Hún er þurr, um 0,4 m á dýpt og nánast ferköntuð. Hóll er fast norðan við hana. Telja má líklegt að hólarnir hafi verið notaðir til þess að þurrka móinn“<sup>9</sup>

**Minjalýsing:** Við deiliskráningu reyndist svæðið 30x46 en mógrafir mælast mjög mismunandi eftir hvenær árs þær eru mældar. Mógrafirnar eru fullar af vatni

<sup>9</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson Ágústa Edwald 2010, bls 82

**Númer: 2905-004**

**Eldra númer: Ár-0530-008**

**Hlutverk: Náma**

**Tegund: Mógrafir**

**Hnit ISN93: 407800,383034**

**Lengd: 30 m**

**Breidd: 46 m**

**Ástand: Sæmilegt**

**Staðhættir:** Í horni deiliskipulagsreits er að finna mógrafirnar eru um 450 m í austur frá bæjarhól Arnarstaðarhjáleigu.



Mynd 8. Stæðasta mógrafarsvæðið innan deiliskipulagsreits. Tekið í austur. Ljósmynd Margrét Hallmundsdóttir.

**Minjalýsing:** Mógrafirnar eru á 50x50 m svæði. Greinilegt er að hægt hefur verið að ganga á milli þeirra einu sinni og um töluvert magn að gröfum hefur verið á þessu svæði. Bakkarnir á milli grafanna eru að mestu sokknir en þó má greina suma þeirra. Mógrafirnar eru fullar af vatni.

**Númer: 2905-005**

**Eldra númer: Ár-053-009 B**

**Hlutverk: Náma**

**Tegund: Mógrafir**

**Hnit ISN93: 407714,383076**

**Lengd: 31m**

**Breidd: 21 m**

**Ástand: Sæmilegt**

**Hættumat: Framkvæmdir**

**Hættuorsök:**



Mynd 9. Mógröf [009] en ofar er [008] tekið í austur. Ljósmynd. Margrét Hallmundsdóttir.

**Staðhættir:** Um 28 m NNV af mógröfum [004] er djúp mógröf en mögulega er um að ræða náttúrliga dælu. Vegna nálægðar við hitt mógrafasvæðið er skráð sem mógröf.

**Minjalýsing:** Um er að ræða eina stóra holu sem er líklega hefur líklega uppalega verð nokkrar mógrafir

**Númer: 2905-006**

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Áveitugarðar

**Hnit ISN93:** 407653,383035

**Lengd:** 192 m

**Breidd:** 1-1.5 m

**Ástand:** Gott

**Staðhættir:** Um allan Flóann er hægt að finna flókið kerfi áveituskurða sem voru grafnir í tengslum við Flóaáveituna. Inn á



Mynd 10. Áveitugarður [006] þar sem hann liggur inn á deiliskiplagssvæðið.

deiliskipulagsreitnum við Arnarstaðarkot eru 4 garðar sem sýnir eru á korti aftast í skýrslunni.

**Minjalýsing:** Þessi liggur í SSA -NV og inn á deiliskipulagsreit og er 192 m en er 114 m inn á deiliskipulagsreit.

Samanlög lengd allra áveitugarðana er þeirra er 2035 m inna deiliskipulagsreits.

**Númer: 2905-007**

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Áveitugarðar

**Hnit ISN93:** 407653,383035

**Lengd:** 69 m

**Breidd:** 1-1.5 m

**Ástand:**Gott

**Staðhættir:** Um allan Flóann er hægt að finna flókið kerfi áveituskurða sem voru grafnir í tengslum við Flóaáveituna. Inn á deiliskipulagsreitnum við Arnarstaðarkot eru 4 garðar sem sýnir eru á korti aftast í skýrslunni.

**Minjalýsing:** Þessi liggur í NA-NV og inn á deiliskipulagsreit og er alls 405 m en er 64 m eru inn á deiliskipulagsreit.

Samanlög lengd allra áveitugarðana er þeirra er 2035 m inna deiliskipulagsreits.

**Númer:** 2905-008

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Áveitugarðar

**Hnit ISN93:** 407663,383180

**Lengd:** 377 m

**Breidd:**1-1.5 m

**Ástand:**Gott

**Staðhættir:** Um allan Flóann er hægt að finna flókið kerfi áveituskurða sem voru grafnir í tengslum við Flóaáveituna. Inn á deiliskipulagsreitnum við Arnarstaðarkot eru 4 garðar sem sýnir eru á korti aftast í skýrslunni.



*Mynd 11. Áveitugarður[ 2905-008] garðurinn tekur sveig framhjá lágri hæð þar sem mógrafirnar eru. Tekið í S. Ljósmynd. Margrét Hallmundsdóttir.*

**Minjalýsing:** Þessi garður liggur neðan við mógrafarsvæði [003] og er greinilegt að sveigur hefur verið tekin á garðinn vegna hæðar sem mógrafasvæðið stendur á. Garðurinn liggur í NV-SA og er 377 m á lengd

**Númer:** 2905-009

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Áveitugarðar

**Hnit ISN93:** 407697,383238

**Lengd: 1200 m**

**Breidd: 1-1.5 m**

**Ástand: Gott**

**Staðhættir:** Um allan Flóann er hægt að finna flókið kerfi áveituskurða sem voru grafnir í tengslum við Flóaáveituna. Inn á deiliskipulagsreitnum við Arnarstaðarkot eru 4 garðar sem sýnir eru á korti aftast í skýrslunni.



*Mynd 12. Áveituskurðurinn þar sem mörk deiliskipulagsreits liggja um. Tekið í vestur. Ljósmynd Margrét Hallmundsdóttir.*

**Minjalýsing:** Þessi garður liggur frá innkeyrslu frá Þjóðvegi 1 að Arnarstaðahjáleigu og markast deiliskipulagið af þessum skurði sem er mjög langur og nær alveg út að ánni Vola. Hann er skráður þar sem deiliskipulagi afmarkast af honum. Þetta er stór skurður sem líklega þjónar sínum tilgangi enn í dag að einhverjum hluta. Inn á landi Arnarstaðakots er hann 377 m

**Númer: 2905-0010**

**Hlutverk: Leið**

**Tegund: Leið**

**Hnit ISN93: 407795,382997**

**Lengd: 440 m**

**Ástand:**

**Staðhættir:** Rétt neðan við núverandi þjóðveg og ofan við norðurútmörk deiliskipulagsreits má sjá gamla leið sem liggur frá austri til vesturs: Líklega er um að ræða leið á milli bæja og kemur leiðin greinilega frá Langhól og liggur til vesturs. Á korti Herforingjaráðsins er teiknuð leið frá bænum Króki norður af Arnarstöðum og er hún merkt Króksbrú<sup>10</sup>.



**Minjalýsing:** Leiðin liggur í norður suður frá hinni leiðinni og er um 440 m inn á deiliskipulagsreit. Greina má nokkrar rákir í leiðinni eftir menn og hross.

---

<sup>10</sup> Kort herforingjaráðsins skoðað á Minjavefsjá Minjastofnunar.



**Númer: 2905-0011**

**Eldra númer** Ár:052:017

**Sérheiti:** Vaðhóll

**Hlutverk :**Vað

**Tegund: :** Örnefni

**Hnit ISN93:** 406938,383484

**Staðhættir:** Í Aðalskráningu fornleifa í Flóahrepp segir „Vaðhóll. Norður frá Móhólum [014]. Landamerkjahóll milli: Króks [ÁR-054], Túns [ÁR-156] og Arnarstaðakots [ÁR-053] og Arnarstaða," segir í örnefnaskrá Hraungerðishrepps. Vaðhóll var rúmum 700 m norðan við bæ 001, Þjóðvegur 1 er um 20 m norðar og vegur að Arnarstöðum er 10 m vestar. Örnefnið, Vaðhóll, bendir til þess að hér hafi verið vað en nú (2008) er enginn lækur á svæðinu. Vaðið gæti hafi verið yfir Krókskeldu sem rann á þessum slóðum en svæðið hefur allt verið ræst fram með skurðum og þurrkað upp. Vaðið var líklega notað á gamla Þjóðvegi 621:005 og póstleið 621:009 sem liggja á þessum slóðum.“<sup>11</sup>

Engin ummerki vaðsins eru á yfirborði.

**Minjalýsing:** Minjar horfnar og hnit tekið á sama stað og Fornleifastofnun.

---

<sup>11</sup> Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson Ágústa Edwald 2010,bls 82



## 2. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru 11 minjar skráðar innan 25 he deiliskipulags í Arnarstaðakoti.

Fjórir áveitugarðar vour skráðir. [009-0078-006-008] Garðarnir tengjast allir Flóaáveitunni og voru þeir garðar gerðir á árunum 1918 til 1927. Í skýrslu Ragnheiðar Gylfadóttur um kotlagningu Flóaáveiu segir „Áveiturnar náðu yfir um 16.000 ha stórt svæði sem nú tilheyrir þremur sveitarfélögum, Flóahreppi, Árborg og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Til að setja töluna í samhengi má nefna að samanlögð stærð allra túna á Íslandi á sama tíma hafa verið 22.000 ha.<sup>1</sup> Með tilkomu áveitnanna urðu mikil umskipti í búskap, samgöngum og atvinnuháttum á svæðinu. Elstu hlutar áveitanna teljast nú þegar til fornleifa og eftir um áratugun kerfð allt fokkast sem fornleifar samkvæmt laganna skilningi“<sup>12</sup>.

Garðarnir hafa verið kortlagðir í skýrslu Ragnheiðar *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum*. Einnig í Aðalskráningu í Flóahreppi sem gerð var árið 2014 .

Einnig voru skráð þrjú stæðistu mógrafasvæðin [004-003-005] en ekki voru skráðar einstakar litlar mógrafir þar sem erfitt er að greina á milli hvort um er að ræða mógröf eða náttúrulega dælu eins og finnast um allan Flóann. Grafirnar eru mjög illa farnar og hættulegar.

Tveir túngarðar voru skráir líklega yngri [001] sem er grjóthlaðinn og eldri túngarðspartur [002] sem hefur verið torfhlaðinn hann er mjög útflattur og lítið eftir af honum enn hann er greinilega eldri. Einnig var skráð ein leið að bænum. Líklega er sú leið það sem kallað er Króksbrú og var leið frá Króki að Arnarstöðum og er merkt leið á Herforingjaráðskortum.

---

<sup>12</sup> Ragnaheiður Gló Gylfadóttir 2020, bls 7

### **3. KORT**



Kort 1. Kortið sýnir minjar og deiliskipulagsreit. Sett á loftmynd Bing. Kort: Margrét Hallmundsdóttir



Kort 2. Minjar og númer á þeim. Kort Margrét Hallmundsdóttir.

---

## 4. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla* (B. II). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

*Örnefnaskrá - Arnarstaðir*. (án dags.). Örnefnastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir & Orri Vésteinsson. (2014). *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla I*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2020) *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum*